

# Fundargerð 57. stjórnarfundar

## Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Rafrænt á teams

Tími: 26. Apríl 2021 09:00-09:30

Viðstaddir: Baldur Dýrfjörð (BD), Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA)

Forföll: Anna Heiður Eydísardóttir (AHE), Sigurður Grétar Sigmarsson (ÍP).

### Dagskrá:

1. Fundargerð 56. stjórnarfundar
2. Viðburðir vorsins
3. Önnur mál

---

### 1. Fundargerð 56. stjórnarfundar

Frestað til næsta fundar

### 2. Aðalfundur 2021

Farið var yfir dagskrá og auglýsingu aðalfundar 6. maí kl. 13:00. Í kjölfar fundarins verður fræðslufundur um drykkjarvatnsauðlindina á tímum náttúruhamfara frá sjónarhorni heilbrigðiseftirlits og rekstraraðila vatnsveitu. HOA mun skrifa drög að auglýsingu að viðburði og auglýsa í samvinnu við HSP. HOA og HSP munu senda á stjórn drög að skýrslu stjórnar og rekstrarreikningum. HSP mun senda félagsmönnum email um félagsgjöld. Vel var tekið í hugmynd HOA að stíga til hliðar sem formaður og hafa setuskipti við HSP sem er núverandi gjaldkeri. Rætt var að tilgreina í auglýsingu á aðalfundi að eitt sæti sé laust í stjórn á sviði vatnsveitna.

### 3. Önnur mál

Rætt var um að setja fasta fundartíma nefndar á næsta starfsári, 30 mín rafræna fundi einu sinni í mánuði (ágúst til nóvember; janúar til maí).

Fundi var slitið kl. 09:30.

Fundarritari: Hrund Ó. Andradóttir, hrund@hi.is